

26. Fundur Breiðafjarðarnefndar

Haldinn 27. mars 2001, kl. 10:00 – 12:00 Skúlagötu 21, Reykjavík.

Mættir: Friðjón Þórðarson, Ævar Petersen, Þórólfur Halldórsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Magnús A. Sigurðsson og Ásgeir Gunnar Jónsson.

Fundarritari; Guðríður Þorvarðardóttir.

Pankabrot frá Jóhannesi G. Gíslasyni

Formaður las upp þankabrot Jóhannesar sem ekki gat sótt fundinn vegna veðurs.

Pankabrot 23. mars 2001

Ekki dagur að æðrast þó vetur gangi í garð daginn fyrir fund í Breiðafjarðarnefnd. Til að sýna ekki algjört áhugaleysi sendi ég hér nokkur þankabrot án þess að vita svo gjörlla um dagskrá

Með bestu kveðju, JG

1. *Búskapur Breiðafjarðarnefndar.*

Eðlilegt og jákvætt hlýtur að teljast, að búsetan sé á heimavelli og stefna beri að því að svo verði. Starfsemin kostar peninga. Hvernig er þessu varið með hliðstæð verkefni?

Mývatn t.d.

1. *Skýli í Stagley*

Gera má ráð fyrir að gagnlegt kunni að vera, að hafa skýlið, hvort sem þar er stunduð búskaparnýting eða vísindarannsóknir. Jákvætt bæði vegna starfshagsmuna og öryggis. Stundum mun hægt, þó ekki verði skilið þar við bát, að koma þangað manni eða taka mann. Skýlið getur verið lítt áberandi, sé það talið henta.

3. *Byggingar í eyjum almennt*

Eins og dæmin hafa víst þegar sýnt má telja víst að aukist viðleitni til fjölgunar bústaða. Þó að og einmitt vegna þess jafnvel, að búseta er ekki föst.

Mögulegt er að einhverjir ábúendur eða eigendur fari að nýta sér til atvinnu sumardvalarhneigð annarra og þá ráði t.d. landing í ríkara mæli staðavali.

Breyttir búskaparhættir kunna að bjóða nýjum sjónarmiðum heim. Gamla bæjareyjan eða gamli bæjarhóllinn yrðu e.t.v. ekki valin. Enda sýnist mér ekki nauðsyn, að binda sig við það, séu frávik studd gildum rökum hagkvæmni v/verndar eða atvinnu, sem stefnt væri að.

1. *Rannsóknarefni*

Það kann að vera forvitnilegt, að skoða hvað gerist ef mannskepnar hættir að ráðskast með náttúruna. Verði einstakar eyjar friðaðar munu þær þó alltaf bera þess merki hvað gert er í nágrenninu.

Merkilegt til rannsóknar kann einnig að vera sambúð manns og náttúru.

1. *Hver eru áhrif af skammri viðveru manna? Eða langri?*
2. *Hvað er gert? Umhirða manna um æðarvarp er með ýmsu móti.*
3. *Hver eru áhrif mismunandi umhirðu?*
4. *Her eru áhrif manna á annað fuglalíf?*
5. *Hversvegna hrundi landselsstofninn í kjölfar minni veiða á hefðbundinn máta?*
6. *Hver eru áhrif þangskurðar?*

Margar spurningar vakna sífellt.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð Breiðafjarðarnefndar frá 2. mars 2001 samþykkt með lítilsháttar breytingum / lagfæringum.

Skýlið í Stagley

Formaður sagði frá samtali við skipulagsstjóra m.a. um skýlið í Stagley t.d. hvort það væri á móti einhverjum reglum að heimila skýli sem þetta. Taldi skipulagsstjóri engar reglur geta komið í veg fyrir afgreiðslu nefndarinnar á að heimila byggingu neyðarskýlisins. Skýlið er ekki hugsað sem frístundahús enda mjög lítið.

Afgreiðsla: *Breiðafjarðarnefnd leggst ekki gegn því að byggt verði neyðarskýli í Stagley, sbr. erindi Reykhólahrepps.*

Vinnureglur um byggingar

Í almennri umræðu um vinnureglur nefndarinnar vegna byggingarleyfa innan verndarsvæðisins kom fram að málið tengist óhjákvæmilega hugmynd að svæðisskipulagi sem nær til sveitarfélaganna við fjörðinn. Rætt var um það hvaða möguleikar væru á því að ríkisvaldið kæmi að gerð svæðisskipulags fyrir sveitarfélög verndarsvæðisins, t.d. hvort leiðin gæti verið sú sama og notuð var við gerð svæðisskipulags miðhálandisins, þar sem skipulagslögum var breytt sérstaklega, og kveðið á um að gerð svæðisskipulags miðhálandisins skuli alfarið greidd af ríkissjóði. Einnig var nefnd hugmynd skipulagsstjóra um að leita eftir sérstökum fjárveitingum á fjárlögum til gerðar svæðisskipulagsins vegna sérstöðu þess. Fram kom tillaga þess efnis að funda með skipulagsstjóra og ræða sérstaklega við hann um vinnureglurnar og svæðisskipulag sem taka þyrfti til viðkomandi sveitarfélaga í heild sinni enda tengist slíkt skipulag framtíðarnýtingu allri, t.d. í tengslum við ferðaþjónustu.

Bent var á að til er samþykkt svæðisskipulag fyrir Dalasýslu og Austur- Barðastrandarsýslu en það tekur þó ekki til eyjasvæðisins. Einnig var bent á að taka upp samanburð við önnur svæði sem friðlýst eru með sérlögum, svo sem Mývatn og Laxá.

Niðurstaða: *Gefa út verndaráætlun, senda hana út til sveitarfélaganna. Jafnframt skrifa bréf um hugmynd að samstarfi að gerð svæðisskipulags og óska eftir fundum með sveitarstjórnunum og skipulagsstjóra um málið.*

Þorpið í Flatey – friðlýsing

Magnús lagði fram upplýsingar um hverfisvernd frá Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur hjá Skipulagsstofnun. Einnig sagði hann frá samtali sínu við Magnús Skúlason hjá Húsafriðunarnefnd um þá hugmynd að friðlýsa gömlu þorpsmyndina í Flatey sem benti á að friða þurfi hvert einstakt hús ef friða á skv. þjóðminjalögum. Hinsvegar hafi hann bent á hverfisvernd skv. skipulagslögum.

Fram kom að nýlega hafi útliti húss verið breytt – og alls ekki í samræmi við byggingarstíl þess.

Til að vernda skv. hverfisvernd þarf að gera breytingu á deiliskipulagi og auglýsa í samræmi við skipulagslög. Bent var á að deiliskipulagið fyrir Brunnhúsið nái yfir mjög lítið svæði.

Niðurstaða: *Magnús heldur áfram að kanna málið m.a. kanna hug heimamanna.*

Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð

Formaður lagði fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 21. mars síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Breiðafjarðarnefndar um tillögu að matsáætlun vegna Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð skv. 2. mgr., 8. gr. laga nr. 106/2000 g 15. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Þar sem skila á umsögninni til Skipulagsstofnunar þann 3. apríl n.k. og að enginn nefndarmanna hafði fengið sýrsluna til yfirlstrar var ákveðið að tölvutengdir nefndarmenn vinni að umsögninni og því var skýrslan ljósrituð fyrir fundarmenn.

Afgreiðsla: Nefndarmenn lesi skýrsluna og sendi Guðríði ábendingar, Ævar sér um lífríkissviðið, Magnús um menningarminjar og aðrir komi með ábendingar um önnur efni.

Önnur mál

1. Fundur með ráðherra

Lögð var áhersla á að funda með ráðherra sem fyrst – en þegar hefur verið óskað eftir fundi. Ræða þarf um fjármál almennt og fjárlög 2001 og 2002, starfsaðstöðu, mörk verndarsvæðisins, kynningu á verndaráætlun, slípulagsmálin og sérstaklega hugmynd að svæðisskipulagi. Nefndarmenn lögðu ríka áherslu á að starfa beint með ráðherra.

1. Starfsaðstaða – aðsetur Breiðafjarðarnefndar.

Bent var á að Sjóslýsanefnd hafi nú fengið aðstöðu í Stykkishólmi, þ.e. í flugstöðinni og að e.t.v. væri hægt að semja við nefndina um vistun nefndarinnar. Nefndarmenn eru flestir á því að betur fari samstarf við Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi.

Fundi slitið kl. 12:30 – næsti fundur ekki ákveðinn, þó ekki fyrr en búið er að leysa starfsaðstöðu Breiðafjarðarnefndar.